



Create
Acceptance



VistOrka



Niðurstöður umræðna um vetnisverkefnið SMART H₂ og starfsemi Ísl NýOrku

Miðvikudag 16. maí kl 13.00-15.00 í fundarherbergi

í Nýherjahúsinu, Borgartuni 37

Boð um þátttöku í umræðum var sent til:

Sigríðar Ingvarsdóttur, IMPRU, Iðntæknistofnun
Kristbjargar Ágústsdóttur sendiráði Kanada
Sveinbjargar Sveinsdóttur, Landskerfi bókasafna
Jóns Hanssonar, Framtaki
Bjarna Bjarnasonar, Landsvirkjun
Þorleifs Finnssonar, Orkuveitunnar
Finnboga Jónssonar, Nýsköpunarsjóði
Brynhildar Davíðsdóttur, Háskóla Íslands
Hauks Óskarssonar, Lomacon
Evu Maríu Þórarinsdóttur, markaðsstjóra hvalaskoðunarfyrtækisins Eldingar
Hjalta Páls, Verkefnisstjóra í vetnisbátaverkefni Íslenskrar NýOrku
Jóns Björns Skúlasonar, Framkvæmdastjóra Íslenskrar NýOrku
Mariu Maack, Umhverfisstjóra Íslenskrar NýOrku
Guðrúnar Lilju Kristinsdóttur, Íslenskri NýOrku
Árna Finnssonar, framkvæmdastjóra Náttúruverndasamtaka Íslands
Erlendum þátttakendum í verkefninu Create Acceptance
Skáletraðir komu ekki

*Greint er frá Create Acceptance verkefninu á www.createacceptance.net og Vefsíður NýOrku eru:
www.vetni.is eða www.newenergy.is*



CreAte
Acceptance



VistOrka



Þeir sem kallaðir voru til með stuttum fyrirvara sýndu velvilja og áhuga og þátttaka í umræðum var sérlega opin og hreinskilin. Þó vantaði fulltrúa orkufyrirtækjanna og náttúruverndar (skáletraðir á lista) þar sem fulltrúar þeirra komu ekki og staðgenglar ekki heldur. Þetta var í fyrsta skipti sem Íslensk NýOrka bauð utanaðkomandi fólki að lýsa skoðun sinni á vetnisverkefnum. Spurningum var ekki fylgt að öllu leyti heldur snerist umræðan almennt um notkun vetnis og tilraunir í íslensku samhengi.

Umræðan jók skilning innan fyrirtækisins á gildi samskipta við aðila utan verkefna, ekki síst að miklar væntingar eru gerðar til NýOrku og eigenda hennar. Umræðuefnin gefa tilefni til viðbragða eins og um „þjóðarverkefni“ sé að ræða (sjá ályktanir og úrvinnslu, næstu síðu). Mörg atriði sem var stungið upp á á fundinum eiga fremur heima hjá stjórnvöldum en í höndum fyrirtækisins Íslenskrar NýOrku. Tillögur og niðurstöður munu verða lagðar fyrir stjórn og eigendur fyrirtækisins (Vistorku).

Þátttakendur voru sammála um eftirfarandi atriði:

1. Nauðsynlegt er að undirbúa viðbrögð við breytingum á eldsneytiskerfum. Olía verður ekki eldsneyti til framtíðar. Því er réttur tími til undirbúnings núna
2. Nauðsynlegt er að fjalla um öll eldsneytismál og tækifæri á sama vettvangi og á samanburðarhæfan hátt og taka mið af öruggu framboði og hagrænum þáttum
3. Vetni virðist vera góður kostur miðað við íslensk orkukerfi: hér fæst vatn og rafmagn hvarvetna, gefur góða ímynd, veldur ekki mengun, dregur að ferðamenn
4. Heildaráhrif verða jákvæð: Fyrst um sinn er líklegt að kostnaður verði hár en ásættanlegur vegna langtímaávinninga, þekkingaröflunar og reynslu
5. Leggja þarf í kostnað vegna tilrauna og rannsókna á með það að markmiði að besta kerfin og fylgja eftir skipulagi og uppbygginu dreifikerfis
6. Ef Ísland er með í fararbroddi vetnisvæðingar í heiminum kæmi það Íslensku samfélagi til góða og yki á stöðugleika til langs tíma litið (tekið dæmi af jarðvarmaþekkingu og alþjóðlegum verkefnum)
7. Miklar væntingar eru til framþróunar tækninnar, niðurstaðna tilrauna og áframhaldandi vinnu Ísl. NýOrku með vetni. Einnig að þekkingin skili sér í bættu lagaumhverfi um eldsneyti
8. Varað við afleiðingum þess ef slys eða sprengingar gerast
9. Fréttir berast milli manna, því er mikilvægt að orðspor sé gott og rétt
10. Hagmunir og ímynd ferðaþjónustu og þeirra sem stuðla að hreinum samgöngum getur hæglega farið saman. Vert er að nýta þann þátt.
11. Hingað til hefur tekist að byggja upp jákvæða umfjöllun, en ef henni er ekki haldið úti á öllum þjóðfélagsstigum er óvíst að hinn mikilvægi stuðningur almennings haldist

Þátttakendur greindi á um eftirfarandi atriði:

12. Hvaða tímaáætlun er raunhæf þegar kemur að breytingum og tækniþróun
13. Hovrt tekið sé tillit til nýs eldsneytis á sveitarstjórnarstigi t.d. í áætlanagerð og skipulagi
14. Hver myndi vera afstaða olíufyrirtækja í málinu
15. Hver væri afstaða ríkisstjórnarinnar í málinu
16. Hvort bílaumboðin væru með á nótunum og vildu koma vetnisbílum á framfæri
17. Hver afstaða orkufyrirtækja og náttúruverndarmanna gæti verið
18. Hvort almenningi sé ljóst hvers vegna vetni kemur til greina hérlendis

Jafnframt kom fram:

19. Þátttakendur voru áhyggjufullir yfir því að vetnistilraunir eru ekki samfelldar. Almenningsálitnið byggist á samhengislausum atriðum. Fréttir af lokum tilraunaaksturs er túlkaðar sem léleg útkoma.



Create
Acceptance



VistOrka

ISLENSK
NÝORKA
ICELANDIC NEW ENERGY LTD.

- Jafnvel þótt tilkynnt sé að **tilraunin** sé lokið í samræmi við **tímaáætlun** verkefnisins. Skáletruðu atriðin hverfa úr umræðunni.
20. Mikilvægt er að sýna fram á að til sé næg orka sem sátt er um að nýta fyrir vetnisvinnslu, þjóðist á ásættanlegu verði
 21. Þátttakendum fannst misræmi í þeim upplýsingum sem birtast í erlendum miðlum um mikla vetnisstarfsemi á Íslandi og þess sem er sjáanlegt í hversdagslífinu.
 22. Þátttakendur sögðust vilja sjá samfellda umfjöllun um gang SMART-H verkefnis en jafnframt að tæknina sýnilega í umferð fyrir almenning.

 23. Erlendum þátttakendum þótti áhugavert að skynja „íslensku mótsögnina“ ('Icelandic paradox') sem er lögð út á eftirfarandi hátt: Þar sem 72% frumorku á landskerfinu er endurnýjanleg er Ísland í fararbroddi þjóða sem nota slíka orku. En nú þykir mörgum nóg komið og vilja frekar sjá önnur lönd feta sömu braut en að horfa áfram til íslenskra orkulinda. Þess vegna gætu nýjustu og væntanleg orkuverkefni mætt mótstöðu. Þessi mótstaða er af allt öðrum toga en gerist annars staðar þar sem notast er eingöngu við olíu en útblástur notaður sem rök fyrir að breyta um orkugjafa. Þessi staða er óvenjuleg
 24. Erlendir þátttakendur höfðu jafnframt á orði að hér virtist umhverfismál og orkunotkun ekki vera spyrð saman eins og gert er á meginlandinu, heldur iðnaðar- og orkumál og sjálfstæði þjóðarinnar. Það kemur á óvart hve lítinn áhuga umhverfisyfirvöld sýna vetnisverkefnum. Jafnframt virðist þjóðin ekki mjög meðvituð um umhverfismál (sorp, skólp, uppblástur, sparneytni bíla, vatnssparnað ofl) nema þá staðbundna náttúruvernd. Þetta er merkilegt þegar litið er til þess hve hlutvall endurnýjanlegrar orku er hátt og gert er ráð fyrir að slíkt fylgi sterkri umhverfisvitund.
 25. Erlendum þátttakendum fannst einkennilegt að hið opinbera sjái ekki um að greiða fyrir kynningar á vetnisverkefnum nema að takmörkuðu leyti. Einnig væri það einkennilegt að kynning næstu verkefna sé ekki efst á verkefnislista NýOrku. Mikil hætta er á mistúlkun ef stuðst er við orðróm og ímynd verkefnanna mótast ekki af því sem gert er á opinberum vettvangi. En ef til vill er hlutverk fjölmiðla í stærri samfélögum annað en í svo litlu samfélagi.

Úrvinnsla og ályktarnir

NýOrka þarf að taka á misræmi milli væntinga og túlkunar almennings og þess hver raunveruleg staða verkefna og tæknipróunar er. Á hraðaöld gerir almenningur ráð fyrir skjótum breytingum og aðgengilegum markaði handa þeim sem vilja fylgjast með.

Þar sem vetnisverkefnin virðast hafa skýrskotun til þjóðarímyndar er æskilegt að ræða við stjórnvöld um að þau geri grein fyrir afstöðu sinni um eldsneytismál og kynni hana almenningi

Íslensk NýOrka ætti að vinna meira að því að hafa samráð og heyra frá almenningi, til dæmis með útsendum póstum til tengslanets. Mikilvægt er að fylgja eftir fjölmiðlaumfjöllun til þess að misvísandi almannarómur sé ekki einn um að greina frá vetnis – viðburðum

Ekki er víst að allar skoðanir hafi komið fram á fundinum og því er æskilegt að fá álit fólks innan stjórnvalda (Rvk of ríkis), olúfyrirtækja og náttúruverndargeirans sem og orkufyrirtækja; til dæmis með viðtölum. Einnig er mælt til þess að boðað verði til opins fundar þar sem auglýst er að öllum sé heimild þáttaka í umræðum.